

Hjálp! Sviðslistafólk er að koma í hús. Hvað á ég að gera?


Eftir Tone Cronblad Krosshus og Elisabeth Hovde Johannesen

Kemur sviðslista heimsóknin þér stundum á óvart? Vantar þig ráðleggingar um hvernig á að vinna með sviðslista upplifun með nemendum þínum?

Í þessum leiðarvísi finnur þú tillögur að aðferðum sem þú getur notað, hvort sem þú hefur engan, lítinn eða góðan tíma til að undirbúa þig



Photo: Kulturtanken/Marte Glanville



Innihald

Hjálp! Sviðlistafólk er að koma í hús. Hvað á ég að gera?

Pegar þú ert í tímaþröng

- Notaðu blað 3
- Spjallaðu 3
- Notaðu töfluna 4

Pegar þú hefur góðan tíma

- Um hvað fjallar þetta? 5
- En sú tilfinning! 5
- Vertu skýr! 6

Pegar þú hefur mjög mikinn tíma

- Hvað kemur þetta okkur við? 7
- Annaðhvort eða 7
- Ef ég væri einhver annar 8



Því miður er engin uppskrift að því hvernig hægt er að gera sviðslista heimsókn skemmtilega, fræðandi og viðeigandi. Allar sviðslistir eru einstakar og upplifun viðburðanna á sér stað í samspili listaverka, nemenda og kennara. Hins vegar eru hér nokkrar tillögur um hvernig er hægt að ramma heimsóknirnar inn, allt eftir því hversu mikinn tíma þú hefur.

Þú ert í tímaþröng!

Þú komst að því fyrir 15 mín. að listafólkið kemur í dag.

Tillaga 1: «Notaðu blað»

Fyrir:

- Gefið nemendum hvítt blað.
- Biðjið þá að skrifa niður nafn sýningarinnar.
- Gefið þeim 5 mín. til að skrifa niður hvað þau halda að gerist í sýningunni.

Eftir:

- Bjóðið nemendum að deila einu orði sem þeim finnst lýsa sýningunni.
- Gefðu þeim post-it miða þar sem þau skrifa niður orðið sem þau hafa sett hring utan um. Skrifaðu titilinn sýningarinnar á miðja töfluna og biðdu nemendur um að hengja post-it miðann sinn við.
- Hefjið samræður.

Tillaga 2: «Spjallið»

Fyrir:

- Deildu titlinum á sýningunni og segðu nemendum hvers konar sýning er í vændum! Segðu þeim ALLT sem þú veist um þetta listform. Vertu einlægur og segðu bara að þú vitir ekki meira.
- Skiptið nemendum í fjögurra manna hópa og bjóðið þeim að ræða það sem þeir sjálfir vita um þetta listform og sýningu.

Eftir:

- Láttu nemendur setjast aftur niður í hópum. Biðjið þá að svara spurningunni: „Hvað kom okkur á óvart?“
- Hefjið umræður í bekknum.



Tillaga 3: «Notaðu töfluna»

Fyrir:

- Skrifaðu titil sýningarinnar á töfluna og búðu til hugarkort með nemendum.
- EKKI STROKA ÞAÐ ÚT!

Eftir:

- Safnaðu saman öllum orðunum á töflunni og lestu þau upp upphátt.
- Finndu út með nemendum fimm orð sem kunna að tengjast heimsókninni. Ræddu hvers vegna.
- Notið þessi fimm orð í umræðum í bekknum.



Photo: Kulturtanken/Erik Brandsborg



Pú hefur góðan tíma

Pú veist að listafólkið mun heimsækja þig eftir þrjá daga.

Tillaga 1: «Um hvað fjallar þetta?»

Fyrir:

- Finndu upplýsingar um listafólkið með hjálp nemenda þinna! Einnig er hægt að skipta nemendum í hópa og gefa þeim mismunandi verkefni.
- Heimsæktu rýmið þar sem sýningin mun fara fram ásamt nemendum þínum. Ræddu um fyrri þekkingu og hugmyndir sem nemendur hafa um það sem þeir halda að muni gerast.
- Gefðu nemendum ákveðin verkefni til að leita að í upplifun sýningarinnar. Sem dæmi má nefna að leita að hljóðum, persónum, athöfnum, búningum, svipbrigðum, áferð, formum, hlutum og tilfinningum. Tekur einhver eftir einhverju sem hann heldur að enginn annar sjái?

Eftir:

- Leiddu umræður út frá eftirfarandi spurningum:
 - Hvað gerðist?
 - Hvað sástu?
 - Hverju tókstu sérstaklega eftir?
 - Hvað heyrðir þú?
 - Hvað hugsaðir þú á sýningunni?
- Hvernig leið þér?
- Vinnið í sameiningu: Um hvað fjallar sýningin?

Tillaga 2: «En sú tilfinning!»

Fyrir:

- Skrifðu niður heiti sýningarinnar og þær tilfinningar sem þú tókst fyrir.
- Þjóddu nemendum að kanna þessar tilfinningar með líkama sínum. Hvernig lítur einstaklingur út sem er einmana/afbrýðisamur/ástfanginn?
- Veldu eina af tilfinningunum. Biðjið nemendur að standa „frosin“ á meðan þeir tjá tilfinninguna. Eftir 5 sekúndur skaltu segja "skipta". Nemendur ættu þá að finna aðra líkamstjáningu af sömu tilfinningu. Segðu aftur "skipta" og svo framvegis.
- Byrjaðu umræður um tilfinningarnar sem þú hefur kannað.



Eftir:

- Skrifðu niður heiti sýningarinnar og þær tilfinningar sem þú tókst fyrir.

Hver fyrir sig:

- Láttu nemendur velja EINA tilfinningu. Biðjið þá að skrifa niður hvernig þessi tilfinning var tekin fyrir í sýningunni. Til dæmis: "Ég hugsaði um einmanaleika, þá..."

Í hópum:

- Leyfðu nemendum sem hafa valið sömu tilfinningu að sitja saman. Nemendur lesa upp setningarnar sínar. Hópurinn býr til fjórar nýjar setningar sem skilgreina tilfinninguna. Dæmi: "Einmanaleiki er..."

Í bekknum:

- Hóparnir kynna setningarnar sínar fyrir bekknum

Tillaga 3: «Vertu skýr!»

Fyrir:

- Komdu með ákveðna hluti til að skoða fyrir sýninguna. Talaðu um hvaða listform/listræn tjáning er að koma, en ekkert meira.
- Skiptið í hópa með 3-5 nemendum. Útdeilið einum hlut á hvern hóp. Leyfðu nemendum að kanna hlutinn með því að virkja skynfærin.
- Leyfið þeim að upplifa hlutinn í huganum:
 - Hvar hef ég séð þetta áður?
 - Hvert er notagildið?
 - Af hverjum? Hvenær? Hvernig?
- Biðjið nemendur að ræða hvað hluturinn gæti haft með sýninguna að gera

Eftir:

- Biddu nemendur þína um að tengja upplifun sýningarinnar við hlutinn með því að:
 - Taka mynd af hlutnum og skrifa niður tengingu hans við sýninguna.
 - Ræða hvernig hægt er að líta á hlutinn sem tákn fyrir listaverkið.
 - Hugleiða hvers vegna listafólkið valdi að hafa þennan hlut með (eða ekki).
 - Endursegðu sýninguna út frá sjónarhorni hlutarins.



Pú hefur mjög mikinn tíma

Pú fékkst upplýsingar um sýninguna í upphafi skólaárs og settir hana inn í ársáætlunina.

Tillaga 1: «Hvað kemur þetta okkur við?»

Fyrir:

- Veltu fyrir þér með nemendum þínum:
 - Hvers vegna er listafólkið að heimsækja okkur?
 - Hvaða skilaboð senda sviðslistirnar okkur?
 - Hvernig ætlar sviðslistafólkið að segja okkur þetta?
 - Af hverju ætti mér að þykja þetta áhugavert?

Eftir:

- Veltu áfram fyrir þér með nemendum þínum:
 - Hvað gerði þessi listupplifun fyrir okkur?
 - Hvers vegna snýst þessi listupplifun um okkur?
 - Hafðu samband við annan bekk sem mun upplifa sömu sýningu. Hittu þá á Zoom eða Teams. Segðu þeim hvers vegna það hentaði svona vel fyrir bekkinn að fá þetta listafólk í heimsókn með þessa sýningu. Biddu þá um að gera það sama við annan bekk.

Tillaga 2: «Annaðhvort eða ...»

Fyrir:

Valkostur 1:

- Sendu bréf til nemenda í tölvupósti frá tilbúinni persónu. Bréfið þarf að innihalda ábendingar sem tengjast þema eða listtjáningu heimsóknarinnar.

Valkostur 2:

- Finndu sérfræðing (um þemað eða listtjáningu) í þínu nærumhverfi sem getur komið í heimsókn.

Eftir:

Valkostur 1:

- Biðjið nemendur að skrifa umsögn um sýninguna sem þeir senda svo í tölvupósti til tilbúnu persónunnar.

Valkostur 2:

- Biðjið nemendur að senda sérfræðingnum bréf þar sem þeir setja fram hugmyndir um hvernig farið var með efnið í sýningunni.



Tillaga 3: «Ef ég væri einhver annar»

Fyrir:

- Láta eins og bekkurinn sé einhver annar en hann er (til dæmis dómnefnd, sirkussveit, hjálparsamtök, verksmiðju starfsmenn, víkingar o.s.frv.). Láttu nemendur búa til persónur sem tilheyra þessari einingu.
- Láttu nemendur skoða hópinn og persónurnar á mismunandi hátt. Þeir geta til dæmis búið til podcast, haldið dagbók, búið til sjónvarpsþátt, veggspjald eða skissað yfirlitskort.

Eftir:

- Láttu nemendur vinna úr list upplifuninni eins og þeir væru tilbúna persónan.
 - Hvernig hefði persónan brugðist við?
 - Hvaða viðbrögð hefði persónan sýnt?
- Leyfðu nemendum að tjá upplifunina eins og þeir væru tilbúna persónan. Til dæmis geta þeir skrifað kvörtun, umsögn eða búið til frétt.

